



273. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 21. febrúar 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Jón Finnbogason og Þórey Edda Elísdóttir.

Forseti setti fund og stýrði honum.

1. Ráðstefna um framtíðarskipulag íþróttamála

Rætt um næstu skref. Samþykkt að vinnuhópur sem skipaður var til að undirbúa ráðstefnuna vinni greinargerð um niðurstöður ráðstefnunnar sem kynnt verður framkvæmdastjórn ÍSÍ og lögð fram á 74. Íþróttapingi ÍSÍ.

2. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir þau ólympísku verkefni sem framundan eru.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Sarajevó og A-Sarajevó gekk vel og munaði minnstu að Baldvin Vilhelmsson snjóbrettakappi kæmist á verðlaunapall en hann varð í fjórða sæti. Hópurinn stóð sig allur með sóma og var til fyrirmyndar.

Undirbúningur annarra verkefna er samkvæmt áætlun.

3. Fagsvið ÍSÍ

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta úr starfi sviðsins á milli funda. Fundað hefur verið með sérsamböndum ÍSÍ, skipt samkvæmt flokkun sviðsins. Samböndin eiga margt sameiginlegt innan hvers hóps og eru fundirnir gagnlegir fyrir alla aðila. Almennu eru samböndin ánægð með nýtt vinnulag í tengslum við afreksmálefni og aukin samskipti og eftirfylgni. Tillögur sviðsins að aðalfararstjóra fyrir eftirtalin ólympísk verkefni samþykkt samhljóða:

Evrópuleikar í Minsk 2019 – Andri Stefánsson

Smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi 2019 – Örvar Ólafsson

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Baku 2019 – Örvar Ólafsson

Auk þess var samþykkt að senda einn úr fagráði sviðsins með aðalfararstjóra á Smáþjóðaleika og á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Ákvörðun verður tekin síðar um frekari mönnun starfsmanna á Smáþjóðaleikum.

Samþykkt að taka þátt í verkefninu Young Ambassador á Ólympíuleikum ungmenna í Lausanne 2020.

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta úr starfi sviðsins á milli funda. Ráðstefna um ofbeldi í íþróttum, sem haldin var í tengslum við RIG var vel sótt og eins súpufundur um höfuðhögg í íþróttum sem haldinn var í höfuðstöðum KSÍ. Góð þátttaka er í þjálfaranámskeiðum ÍSÍ, líkt og verið hefur undanfarin misseri. Unnið er að gerð fræðsluefnis gegn hagræðingu úrslita í íþróttum og kynningarefnis um Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Einnig eru nokkrir fræðsluviðburðir í farvatninu næstu vikunar.

Almennar umræður urðu um gæðaverkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og hvernig efla má verkefnið enn frekar og færa í nútímalegri búning.

Garðar Svansson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Veggspjöld sem kynna verkefni sviðsins á árinu 2019 hafa verið send út á fyrirtæki og skóla. Fleiri þátttakendur eru skráðir til leiks í Lífshlaupinu í ár frá því í fyrra en verkefninu lýkur 26. febrúar nk. með afhendingu viðurkenninga í húsakynnum KSÍ 1. mars nk.

Unnið er að uppgjöri EWOS 2018 en því þarf að skila inn fyrir 26. febrúar nk.

Undirbúningur fyrir Kvannahlaupið er hafinn og verður miklu tjaldað til í tilefni af 30 ára afmæli hlaupsins.

Samþykkt að gera úttekt á kostnaði við auglýsingar vegna allra verkefna ÍSÍ og skoða hvort að hagkvæmara gæti reynst að gera samning við eina auglýsingastofu um öll verkefni ÍSÍ.

4. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri greindi frá því að endurskoðun ársreiknings ÍSÍ gengi vel og ljóst að árið 2018 verður gert upp með talsverðum hagnaði. Yfirstandandi ár verður hins vegar kostnaðarsamt vegna fjölda ólympískra verkefna.

Gjaldkeri lagði fram tillögu að lottóskiptingu til sérsambanda ÍSÍ þar sem miðað er við sömu forsendur og árið 2018. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Íþróttabing ÍSÍ

Unnið er að drögum að lagabreytingum og tillögugerð. Haldinn verður vinnufundur stjórnar í aðdraganda þingsins, ef þurfa þykir.

6. GDPR málefni

Haldnir hafa verið nokkrir fræðslufundir fyrir sambandsaðila ÍSÍ í samstarfi við Advice/Advania um málefnið. Fundirnir hafa verið vel sóttir. Fyrirhugað er að halda fleiri fundi á landsvísu næstu vikurnar.

7. Nordic Meeting 2019

Fundurinn verður haldinn á Hótel Örk í Hveragerði dagana 13. og 14. september nk. Undirbúningsfundur, þar sem dagskrárefni fundarins verða ákveðin, verður haldinn í Kaupmannahöfn í maí nk.

8. Tilnefningar í undanþágunefnd og lyfjaeftirlitsnefnd Lyfjaeftirlits Íslands

Frestað til næsta fundar.

9. Sambóíþróttin

Framkvæmdastjóri skýrði frá athugunum sínum varðandi stöðu íþróttarinnar hjá IOC og systursamtökum ÍSÍ á Norðurlöndum. Íþróttin hefur ekki hlotið samþykki hjá IOC og er ekki innan flestra systursamtakanna á Norðurlöndum. Samþykkt að viðurkenna ekki íþróttina, að svo stöddu.

10. Ferðasjóður íþróttafélaga

Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ var gefin heimild til úthlutunar úr Ferðasjóði íþróttafélaga, að því gefnu að stjórn samþykki útsenda tillögu að úthlutun með rafrænum hætti í gegnum tölvupóst. Ekki reyndist þörf á því að nýta heimildina. Tillaga að úthlutun liggur ekki enn fyrir og heimildin því framlengd til næsta fundar.

11. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ fór yfir tillögur ráðsins um heiðranir á 74. Íþróttabingi ÍSÍ og tilnefningar frá sambandsaðilum.

- Samþykkt samhljóða að leggja til við Íþróttaping ÍSÍ að eftirtaldir hljóti heiðursnafnbótina Heiðursfélagi ÍSÍ:
Ari Bergmann Einarsson, Guðmundur Kr. Jónsson, Hrafnhildur Guðmundsdóttir og Kolbeinn Pálsson.
- Samþykkt samhljóða að sæma eftirtalda Heiðurskrossi ÍSÍ á þinginu: Önnu R. Möller, Jón M. Ívarsson, Stefán Konráðsson og Svanfríði Guðjónsdóttur.

Eftirtaldar heiðranir voru samþykktar samhljóða með útsendingu tölvupósts:

Gullmerki ÍSÍ:

Guðrún Inga Sívertsen fráfarandi varaformaður KSÍ
Vignir Þormóðsson fráfarandi stjórnarmaður KSÍ
Hafsteinn Pálsson afhenti viðurkenningarnar á ársþingi KSÍ 9. febrúar sl.

Gullmerki ÍSÍ:

Sigríður Bjarnadóttir, Íþróttafélaginu Glóð
Hafsteinn Pálsson afhenti viðurkenninguna á ársþingi UMSK 21. febrúar sl.

Eftirtaldar tillögur til heiðrana samþykktar samhljóða:

Silfurmerki ÍSÍ: Guðmunda Ólafsdóttir, HSK og Íþróttafélaginu Þjótanda

Gullmerki ÍSÍ: Ólafur S. Magnússon, ÍF
Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, ÍF
Kristín Guðmundsdóttir, ÍF

Viðurkenningarnar verða afhentar á ársþingum viðkomandi sambandsaðila.

12. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 272. fundur framkvæmdastjórnar
- 2. og 3. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 17. janúar 2019
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 20. febrúar 2019
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 1. og 8. febrúar 2019

Lilja Sigurðardóttir formaður sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ fór yfir tillögur til úthlutana úr sjóðnum. Fundargerðir og úthlutanir samkvæmt fundargerðum sjóðsins samþykktar samhljóða. Bókaðar þakki til Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og starfsfólks sviðsins fyrir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í umsóknarferli og tillögugerð.

Umræður urðu um form styrkveitinga til einstaklinga og mun formaður sjóðsstjórnar taka upp þær ábendingar sem fram komu á næsta fundi Afrekssjóðs ÍSÍ.

- Laganefnd ÍSÍ frá 30. janúar og 20. febrúar 2019

Tillögur laganefndar í báðum fundargerðum um afgreiðslu laga samþykktar, fyrir utan 3. tölulið í fundargerð laganefndar frá 20. febrúar sem ekki náðist að ljúka afgreiðslu á. Afgreiðslu 3. töluliðs frestað til næsta fundar.

- Heiðursráð ÍSÍ frá 29. janúar 2019 og 19. febrúar 2019.
- Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 21. febrúar 2019.

Tillögur að styrkveitingum samþykktar samhljóða.

13. Viðburðir framundan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar eru fyrirhugaðir 14. mars og 1. apríl nk.

15. Önnur mál

Samtök kvenna í íþróttum

Forseti skýrði frá fundi sem hann, varaforseti og framkvæmdastjóri áttu með fulltrúum nýstofnaðra samtaka, Samtaka kvenna í íþróttum.

Gerð heimildamyndar um 30 ára sögu Kvennahlaups ÍSÍ

Ólympíusamhjálpin hefur samþykkt rausnarlegan styrk til gerðar heimildarmyndar um 30 ára sögu Kvennahlaups ÍSÍ. Samþykkt að hefja verkefnið.

Arðgreiðsla frá Íslenskri getspá

Gjaldkeri skýrði frá því að Íslensk getspá hafi greitt eignaraðilum fyrirtækisins viðbótar arðgreiðslu að upphæð 120.000.000,-. Þar af er hlutur ÍSÍ 56.004.000,-.

Samþykkt að leggja tillögu fyrir 74. Íþróttabings ÍSÍ um skiptingu þessarar auka arðgreiðslu.

Umsögn vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna uppbyggingu íþróttamannvirkja

Forseti leggur áherslu á að sveitarfélög fái einnig endurgreiðslu á virðisaukaskatti við byggingu mannvirkja fyrir íþróttastarfsemi. Skrifstofu falið að senda umsögn um málið í samræmi við umræður.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari